

## Nýir starfsmenn og gullmerki FG

Tveir starfsmenn hófu störf í FG í janúar. Það eru Dagný Hulda Broddadóttir náms- og starfsráðgjafi og Þórunn Björk Sigurbjörnsdóttir stærðfræðikennari. Við bjóðum báðar velkomnar til starfa og væntum mikils af samstarfinu við þær.

Við brautskráningu í desember fengu fjórir starfsmenn FG gullmerki skólans en þeir létu allir af störfum á önninni. Það voru Anna Guðrún Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi, Elísabet Siemsen aðstoðar-skólameistari, Hans Uwe Vollertsen

dönsku- og þýskukennari og Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir kennari í viðskiptagreinum og áfangastjóri. Það er mikil eftirsjá af þessum starfsmönnum og óskum við þeim alls hins besta í framtíðinni.



## Ferðalög nemenda

Nú ferðast Íslendingar sem aldrei fyrr. Að flestu leyti er það gleðilegt að Íslendingar geti leyft sér að fara erlendis af og til. Nemendur geta sótt um leyfi til skólaráðs til að fara í ferðir innanlands sem utan og eftirfarandi stendur í skólasóknarreglum:

***Ef nemendur þurfa leyfi frá kennslustundum skal sækja um það til skólaráðs. Leyfi vegna keppni eða ferðar á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Ef nemendur þurfa leyfi vegna annarra ferða er það skoðað og síðan afgreitt í lok annar á þann hátt að ef skólasókn er óaðfinnaleg [97%] að öðru leyti er leyfið veitt í flestum tilfellum.***

Skólinn leggur einnig áherslu á að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

Þó nemandi fái leyfi í skólanum í lok annar þýðir það ekki að nemandinn lendi ekki vandræðum í námi. Mjög fáir nemendur þola að missa mikið úr skóla. Fjöldmörg dæmi eru um að nemendur sem hafa farið í lengri ferðir lendi í vandræðum í kjölfarið. Því biðjum við foreldra að gæta höfs í ferðum með nemendur.

Nánar má sjá um skólasóknarreglur [hér](#).

## Félagslíf nemenda

Að venju var félagslíf nemenda öflugt á síðustu önn. Vorönnin verður ekki síðri með Imbruviku og árshátíð. Á [heimasíðu skólans](#) má sjá dagatal NFFG eins og það liggur nú fyrir. Breytingar eru alltaf hugsanlegar en þær verða þá færðar inn.

Hafið í huga að bjórkvöld eru aldrei á vegum nemendafélagsins og eru því ekki undir eftirliti skólans eins og aðrar skemmtanir. Sama má segja um sumar-bústaðaferðir nemenda, skólinn á ekki aðkomu að slíkum ferðum.

Það er bjargföst skoðun skólameistara að nemendur yngri en 18 ára eiga ekki erindi í öldurhús né eftirlitslausar ferðir í sumar-bústaði. Eftirmálar slíkra ferða hafa oft komið á mitt borð þótt ferðin sé farin í óþökk skólans.

### Engar rútur

Eftir síðasta dansleik voru ekki rútur á vegum NFFG og svo verður á næstu dansleikjum. Ástæðan er sú að þær hafa sáralítið verið notaðar og kosta NFFG talsverðan pening. Þess í stað hvetjum við sem flesta til að ná í sína unglina.